



Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

OPIÐ

8-24

ALLA DAGA

Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Allt að 400 íbúðir reistar á landhelgisgæslulóðinni

Áætlað er að reisa allt að fjögur hundruð íbúðir á landhelgisgæslulóðina við Seljaveg þar sem gamla sóttvarnarhúsið stendur. Um verður að ræða hagkvæmar íbúðir fyrir ungt og efnaminna fólk.

Þetta er hluti af húsnaðissáttmála stjórnvalda sem var kynntur árið 2017 í stjórnartíð Þorsteins Víglundssonar, fyrrverandi félags- og jafnréttismálaráðherra og Benedikts Jóhannessonar, fyrrverandi fjármálaráðherra. Viðræður á milli ríkis og Reykjavíkurborgar standa enn yfir en húsið og lóðin eiga eftir að fara í gegnum verðmat en sátt hefur náðst um forsendur kaupanna.

Landhelgisgæslan eignaðist húsið sem stendur á reitnum 1954. Stjórnstöð hennar var þar um árabil og af því dregur reiturinn heiti sitt í dag. Húsið var upphaflega byggt á árunum 1903 til 1906 sem sóttvarnarhús í Reykjavík samkvæmt lögum frá 1902 þar sem kveðið var á um að byggja sóttvarnarhús í kaupstöðum landsins. Húsið var reist neðst í túni Miðsels til að vera nokkuð fyrir utan byggðina í Reykjavík enda ætlunin að vista þar fólk sem var í sóttkví. Árið 1935 voru 25 sjúkrarúm í húsinu en það var aflagt sem slíkt 1954.



Gamla sóttvarnarhúsið á Miðselstúninu sem síðar varð aðsetur Landhelgisgæslunnar. Nú mun það að líkindum víkja fyrir íbúðum ætluðum ungu og efnaminna fólki.



**HVERFIÐ
MITT
Kosning**

**HVAÐA
HUGMYNDIR
KÝST ÞÚ Í ÁR?**

hverfidmitt.is | Til 30. október



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Lambakjötstilboð!

Lambalæri - Lambahryggir
Lambafile með fiturönd - Lamba innralæri
Lambaprime - Kindafile
Súpukjöt og svo allt meðlætið í súpuna!

Melabúðin
þín verslun

 Sími 551-0224

helgina 25. - 28. október
- meðan birgðir endast



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrót: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

10. tbl. 21. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Deiliskipulag í Örfirisey

Hugmyndir um uppbyggingu í Örfirisey líta nær stöðugt dagsins ljós. Nú hafa Faxaflóahafnir samþykkt drög að deiliskipulagi fyrir landsvæði við Fiskislóð. Eldri byggingar á þessu svæði eiga sér ekki mikla framtíð og stinga nú þegar í stúf við umhverfi sitt. Fyrir nokkrum árum synjaði Reykjavíkurborg deiliskipulagstillögu sem lögð var fram á þeirri forsendu að skipuleggja þyrfti stærra svæði en nokkrar lóðir. Hið nýja fyrirtæki Sjávarklasinn hefur m.a. sýnt miðsvæðinu áhuga fyrir framtíðar uppbyggingu. Nú er beðið viðbragða borgaryfirvalda. Vonandi tefja þau ekki uppbyggingu og framkvæmir á Grandagarði með áralangri pappírsvinnu eða heildarhugsun sem tæpast er þörf á þessum stað. Af hverju ekki að nota skipulagshugmyndir Faxaflóahafna.

Beyjan á Birkimelnum

Engin beygjuljós eru á gatnamótunum þar sem taka þarf vinstri beygju af nyrðri akrein Hringbrautar yfir syðri akreinina inn á Birkimel. Umferðarljós eru á gatnamótunum en það getur reynst öllumönnum erfitt að átta sig á hvenær taka má vinstri beygjuna. Hvort taka meggi hana á sama tíma og umferð kemur á móti eftir Hringbrautinni úr vestri en víkja fyrir henni. Á liðnu sumri var Brikimelurinn endurgerður og heppnaðist sú aðgerð í alla staði vel. Nauðsynlegt er að huga betur að gatnamótunum og því hvort koma eigi fyrir beygjuljósi fyrir umferð af nyrðri akreininni inn á Birkimelinn. Það myndi auðvelda öllumönnum í umferðinni og draga úr slyshættu sem getur skapast ef menn eru ekki alveg vissir hvernig þeir eiga að haga sér á þessum stað. Vissulega myndi það kosta eitthvað en slys eru aldrei ókeypis.

Litli Skerjó

Litli Skerjó eða Skerjafjarðarbyggðin norðan Flugvallarvegarins er sérstakur heimur í höfuðborginni. Þar er mikil hverfisvitund. Fólk þekkt almennt og heldur tengslum hvert við annað hvort sem það er búandi þar eða brottflutt og nýbúar eru jafnan boðnir velkomnir. Íbúar Litla Skerjó halda sitt áttahagakaffi og fara í Skerjafjarðargöngu. Hvort tveggja til að skerpa hverfisvitundina og hafa gaman af.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Stjórn Faxaflóahafna

Hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Fiskislóð 16 til 32



Lóðirnar sem um ræðir eru norðan við verbúðir á Grandagarði. Gegnt verbúðunum er Bakkaskemman þar sem Sjávarklasinn og mathöllin á Granda eru til húsa. Tölvumynd/ASK arkitektar ehf.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur samþykkt fyrir sitt leyti nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar Fiskislóð 16 til 32 í Örfirisey. Þar er fyrirhugað að rífa eldri hús og hefja stórfellda uppbygging í kjölfarið.

Deiliskipulagstillagan er í öllum meginatriðum eins og sú tillaga

sem send var til borgarinnar í kynningarformi seinni hluta árs 2017. Meirihluti umhverfis- og skipulagsráði hafaði þessum hugmyndum ásamt borgarráði á þeim forsendum að hvorki hefði verið mörkuð stefna um uppbyggingu í Örfirisey til lengri tíma eða um breytingar á heimilaðri

notkun á svæðinu. Ekki væri hægt að taka afstöðu til einnar lóðar eða brots af svæði án þess að skoða alla Vesturhöfnina heildstætt. Nú er þess beðið að borgaryfirvöld taki afstöðu til þessara skipulagshugmynda.

Friðað hús endurbyggt við Starhaga

Friðað hús sem áður stóð við Laugaveg 74 en hefur verið geymt á Granda í um áratug var rífið fyrir nokkru án leyfis Minjastofnunar. Húsið var byggt árið 1902 en verður nú endurbyggt við Starhaga.

Sótt var um leyfi til Húsafriðunarnefndar árið 2006 til að rífa húsið. Þá þótti það heillegt og var ákveðið að finna því annan stað. Á meðan leitað var að honum var það geymt úti á Granda í Reykjavík þar sem það hefur verið flutt á milli svæða án þess að endanlegur staður hafi fundist. Eigendur hússins hafa gefið þær skýringar að það hafi skemmst í eldi á liðnu sumri og því hafi verið ákveðið að taka það niður og að endurbyggja á nýjum stað. Um annað hafi ekki verið að ræða þar sem lítið af því hafi verið nýtanlegt.



Lítið var orðið eftir af húsinu og nánast ekkert nýtanlegt. Húsin verður nú endurbyggt í upprunalegri mynd við Starhaga.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



TOYO TIRES

MAXXIS®

BFGoodrich
Tires



Kæri nágranni - við þjónum þínu hverfi

Fáðu aðstoð fagmanna okkar við dekkjaskipti og
ráðgjöf við val á nýjum dekkjum.



GSi - 5

TOYO TIRES

Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar/jeppar
Toyo harðskeljadekk eru einstök við íslenskar aðstæður.

G3S - ICE

TOYO TIRES

Neglanleg - fólksbílar og jepplingar/jeppar
Byltingakennd nýjung frá Toyo. Neglanlegt harðskeljadekk.

Snowprox S 953

TOYO TIRES

Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar
Vetrardekk sem býður uppá mjög gott grip, frábæra aksturseiginleika og þægindi í akstri.

Winter Ice Zero

PIRELLI

Negld - fólksbílar og jepplingar
Sérhönnuð nagladekkfyrir akstur við erfiðustu vetraraðstæður, glæra hálku og ísingu.

Cinturato Winter

PIRELLI

Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar
Hönnuð fyrir ískalda og hála vetrarvegi með öryggi og frábæra aksturseiginleika í fyrirrúmi.

Scorpion Winter

PIRELLI

Óneglanleg - jepplingar/jeppar
Sérstaklega hannað óneglanlegt vetrardekk fyrir jeppa og jepplinga.

G-force Stud

BFGoodrich

Negld - fólksbílar og jepplingar
Tryggja fullkomna aksturseiginleika við allar aðstæður og veðurskilyrði.

G-force Winter 2

BFGoodrich

Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar
Frábær vetrardekk án nagla og um leið eitt hentugasta heilsársdekkið á markaðnum.

A/T KO2

BFGoodrich

Fyrir jeppa
Áratugalöng reynsla erlendis og á Íslandi. Dekk sem er hægt að nota árið um kring.

M/T KM2

BFGoodrich

Fyrir jeppa
Öflug og endingargóð með munsturkubbum sem ná út yfir axlarsvæði og niður á hliðar.

M/T KM3

BFGoodrich

Fyrir jeppa
Nýjung frá einum þekktasta framleiðanda í heimi. Öflug dekk til heilsársnotkunar.

Arctic NP3 / NS3

MAXXIS®

Negld - fólksbílar og jepplingar
Grípa einstaklega vel á ís og hreinsa sig vel í vetrarfærðinni. Góð dekk á mjög góðu verði.

Presa Spike

MAXXIS®

Negld - sendibílar
Gríðalega sterk og áreiðanleg dekk með hörku vetrarmunstri.

Winter Claw MX

INTERSTATE
TIRES

Neglanleg - fólksbílar og jepplingar
Örugg og ódýr vetrardekk. Mikill fjöldi flipa tryggja frábært grip á hálum vetrarvegum.

Wintersafe

NORDEX
- great tires

Óneglanleg - fólksbílar
Hannað með nútíma flipamunstri sem tryggja gott grip í snjó og á hálum vegum.

Skátastarfið höfðar enn til ungs fólks

- segir Júlíus Aðalsteinsson sem starfað hefur með skátahreyfingunni frá blautu barnsbeini

“Ég er algjör Vesturbæingur. Ég átti heima á Ávallagötunni fyrstu sex ár ævinnar en þá fluttum við á Einimelinn þar sem ég ólst upp og bjó ásamt fjölskyldu minni þar til eiginkonan, Vesturbæingurinn Helga Hallgrímsdóttir, kom til sögunnar og dró mig að heiman. Það var þó ekki mjög langt sem ég fór, því við byrjuðum okkar búskap á Reynimel þar sem við eignuðumst synina Aðalstein og Júlíus Helga. Ég var þó ekki skilinn við Eini-melinn að eilífu því eftir að móðir mín féll frá fluttum við aftur þangað til þess að faðir minn gæti áfram búið í húsínu. Við bjuggum þar um nokkurn tíma eftir fráfall hans en fluttum síðan út á Kaplaskjólsvæg í raðhús sem er við hliðina á gömlu Maggabúð sem nú er orðin að íbúðarhúsnæði. Ég man vel eftir henni vegna þess að við strákarnir komum oft við þar - einkum á leiðinni heim úr KR.” Sá sem þetta mælir er Júlíus Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Grænna skáta.

“Nei – ég var aldrei í leikskóla. Þegar ég var að alast upp voru aðeins fá börn sett í leikskóla og þá einkum börn einstæðra foreldra sem höfðu forgang að þeirri þjónustu hjá borginni. Tjarnarborg var eini leikskólinn á svæðinu og ég var bara á gæsluvelli sem krakki. Móðir mín var heimavinnandi eftir að foreldrar mínir fluttu heim til Íslands en hún starfaði á skrifstofu Loftleiða í Kaupmannahöfn á Danmerkurárum þeirra þar sem faðir minn var við nám. Við erum tveir bræðurnir en Björn bróðir minn er nokkrum árum yngri, fæddist um ári áður en við fluttum á Einimelinn.” Fjölskylda Júlíusar var meðal frumbyggja á Einimelnum. “Mig minnir að húsið okkar hafi verið annað hvort þriðja eða fjórða húsið sem flutt var í við götuna en hún byggðist nokkru síðar en flestar götur í Vesturbænum. Síðustu þrjú hús voru svo byggð mörgum árum síðar. Það er þau sem standa næst leikskólanum Vesturborg. Ingi Ú. Magnússon sem lengi var gatnamálstjóri í Reykjavík byggði endahúsið. Ég held að girðingin sem er þarna og nokkuð hefur

verið fjallað um síðustu daga hafi staðið þarna síðan Steinka gamla var þarna með búskap og geri það að verkum að þetta líti út fyrir að vera stórar lóðir – mun stærri en aðrar og íbúarnir hafi notað þessa bletti eitthvað. Ég hef ekki kynnt mér hvar formleg lóðamörk liggja, en þetta hefur aldrei verið hluti af sundlaugartúninu. Við forðumst að fara inn á lóðina til Steinku þegar ég var að alast upp.”

Dekkja Jón fyrir utan stofugluggann

“Út um stofuglugganna hjá okkur blasti gamla hjólbarðaverkstæðið við og litla bensinstöðin sem stóð við gamla Nesveginn. Á dekkjaverkstæðinu sinni “Dekkja Jón” eins og við kölluðum hann þörfum bíleigenda. Skipti um dekk fyrir þá vor og haust og gerði við eftir þörfum en á þeim tíma entust bíldekk oft mun skemur en í dag. Það var oft mikið at hjá honum einkum á haustin þegar fyrsti snjórinn eða hálkann kom því þá vildu allir fara á nagladekkin sama daginn en nagladekk voru nýjung á þessum tíma. Jón starfaði þarna í áratugi. Fyrst í litla skúrnum þar sem allar skiptingar þurftu að fara fram úti en síðar þegar bensinstöðin var færð og einbýlishús byggð við Hofsvallagötuna var byggt nútíma dekkjaverkstæði með inniaðstöðu, lyftum og loftlyklum. Það var gaman að hafa karlinn þarna og ég held að flestir Vesturbæingar sem áttu bíla hafi gert sér erindi til hans en einnig margir aðrir.”

Fólk varð hissa þegar faðir minn hjólaði í vinnuna

Júlíus segir að mikið frelsi hafi fylgt þessum tíma. “Það var ekki búið að byggja öll húsini í götunni. Þau komu svona eitt af öðru og við vorum mikið að þvælast í byggingunum. Klifra í stillansum og fást við fleira sem trúlega þætti ekki gott í dag. Við vorum í yngsta hluta hverfisins þótt við værum frumbyggjar á Einimelnum en eiginlega má segja að þessi hluti Vesturbæjarins hafi byggst í þremur áföngum.



Júlíus Aðalsteinsson og Helga Hallgrímsdóttir kona hans stödd á veitingahúsi í Þýskalandi.

Elsti hlutinn var byggður fyrir stríð en síðasti hlutinn var ekki byggður fyrr en á árunum 1965 til 1967. Borgin var að hluta að

gera upp gamlar erfðafestu með lóðaúthlutun á þessu svæði, en fyrr á tímum voru býli þarna. Lóðunum við Einimelinn var

úthluthutað 1962. Foreldrum mínum var úthlutað einni þessara lóða en þau voru búin að fá vilyrði nokkru áður um lóða-

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S Í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík – Snæfellsbæ – Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali og leigumíðlari
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc.
693 3356



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Úlfar Freyr Jóhannsson
Lögg. fasteignasali.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögg. fasteignasali
Lögg. fasteignasali
694 6166



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasali
Snæfellsnesi
893 4718



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115



Framúrskarandi fyrirtæki

úthlutun en það var ekki alveg ljóst til að byrja með hvar hún yrði. Einimelurinn hentaði okkur vel. Stutt í Melaskólann og faðir minn Aðalsteinn Júíusson starfaði á Seljaveginum hjá Vita- og hafnarmálum. Var Vita- og hafnarmálstjóri eins og það hét í þá daga. Ég man að það vakti athygli í nágrenninu eftir að við fluttum á Einimelinn að hann fór stundum á reiðhjóli til vinnu. Hann hafði vanist að hjóla þegar þau bjuggu í Kaupmannahöfn og fannst ágætt að taka hjólið fram öðru hvoru. Þetta var ekki algengt hér á landi á þeim tíma þótt mikil breyting hafi orðið á því á síðustu árum. Nei – ég er ekki duglegur að hjóla þótt ég hafi haft þessa fyrirmynd og ég held að hvassviðrið hér á landi sé verst í óvinur hjólreiðamanna. Ég vinn líka í hinum enda bæjarins þannig að það hentar ekki vel.”

Melaskólinn þótti flottur

“Ég fór þessa hefðbundnu leið. Í Melaskólann og Hagaskólann og þaðan í MH. Ég tel að ég hafi hlotið þokkalegt uppeldi í Melaskólanum. Hann þótti einn flottasti skóli landsins og er skreyttur listaverkum. Hann hefur staðist tímans tönn þótt húsnæðið sé löngu orðið of lítið. Hann var vel byggður og dæmi um það er að gólfdukurinn var svo þykkur en hann er enn á gólfunum. Ekki hefur þurft að skipta honum út vegna slits. Hagaskólinn er annarrar kynslóðar. Held að þar hafi ekki verið vandað eins vel til verka. Í mínum huga felst missskilningur í því að kasta höndum að byggingum í því skini að spara. Það kemur til baka í miklu meira viðhaldi. Menn þyrftu að huga betur að því hjá Reykjavíkurborg sem og annars staðar.”

Alinn upp í skátahreyingunni

Júlíus hefur starfað með skátum frá blautu barnsbeini. Hann var alin upp í þeim félags-skap þar sem foreldrar hans voru skátar. “Ég er alin upp í skátastarfi. Ég var snemma virkur í skátafélaginu Ægis-búum í Vesturbænum og síðar í landshreyfingunni, Bandalagi íslenskra skáta. Ég hef fylgt þessu eftir frá því að ég var níu ára. Foreldrar mínir sem bæði voru alin upp á Akureyri byrjuðu í þessu ung fyrir norðan og þau voru alla tíð virk í skátastarfinu. Ég fór þó ekki að vinna í fullu starfi fyrir skátahreyinguna strax, átti talsverðan tíma í Landsbankanum, en bauðst svo að taka að mér verkefni fyrir skátana í fullu starfi. Megin verkefnið lengst af var að styðja við þá fullorðnu sem standa fyrir skátastarfinu í skátafélögunum, en með fram því var ég alltaf að reka fjáröflunarverkefni fyrir Bandalagið og hef sinnt því nær eingöngu síðustu árin. Núna er það mitt aðalstarf að annast daglegan rekstur Grænna skáta sem safna dósum og flöskum og koma þeim í verð. Þetta verkefni hefur undið mjög upp á sig á undanförnum árum og er mikilvægasta fjáröflun skátanna.” Grænir skátar eru með rúmlega 100 söfnunarstaði á höfuðborgarsvæðinu og hjá okkur starfa tæplega 20 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli, en við erum í samstarfi við Vinnumálastofnun um verkefni sem kallast Atvinna með stuðningi og gerir einstaklingum með skerta starfsgetu kleift að koma út á vinnumarkaðinn.”

Of margir krakkar sitja bara fyrir framan skjáinn

En er skátahreyingin jafn öflug og hún var fyrr á árum. Júlíus segir að hún hafi haldið sjó undanfarin ár, en vissulega hafi fækkað frá hápunkti hennar sem var sennilega milli 1960 og 1970. Það komi einkum til af því hversu mikið framboð er orðið af tómstunda- og öðru afbreytingarstarfi fyrir ungt fólk. “Á árunum frá 1970 og fram yfir 1980 komu mörg ný tilboð fram á sjónarsviðið. Íþróttafélögin fóru að bjóða fleiri greinar og svo komu félagsmiðstöðvarnar til sögunnar. Samkeppnin um krakkana og unga fólkið varð því meiri án þess þó að áhugi á skátastarfinu hyrfi. Fótboltinn kallaði marga stráka til sín en það haldast ekki allir þar. Sumir hætta kannski eftir tvö eða þrjú ár. Þeir sem eru ekki nægilega góðir finna sér oft eitthvað annað. Svo eru mörg dæmi um að krakkar séu ekki í neinu skipulögðu æskulýðs-eða íþróttastarfi. Þau sitja bara fyrir framan skjáinn eða með tölvuspjaldið fyrir framan sig. Kannanir hafa sýnt að þessi fjöldi sé á bilinu 20% til 30% krakka. Kannski er hann meiri. Ég nefni þetta sem dæmi en skátastarfið hefur vaxið nokkuð að nýju.”

Skátastarfið höfðar enn til ungs fólks

Júlíus er uppalinn í Ægisbúum, skátafélaginu í Vesturbænum. Hvernig hefur því vegnað í ölduróti tímans. “Það dróst talsvert saman fyrir nokkrum árum en við erum að byggja það upp að nýju og fá nýtt fólk til starfa. Ég fór að starfa aftur með þeim til að aðstoða unga fólkið sem nú stýrir félaginu við uppbygginguna. Við höfum

aðstöðu í íþróttahúsi Hagaskóla og starfið gengur vel. Vissulega viljum við fá fleiri að skátastarfinu og reynslan sýnir að það höfðar enn til ungs fólks í Vesturbænum

sem og annars staðar. Ég held við séum á réttri leið, því það hefur fjölgað töluvert hjá okkur síðustu mánuði. Það eru allir velkomnir 10 ára og eldri.”



Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar

Við gömlu höfnina



reykjavikrost.is



allt fyrir

VEISLUNA

TILBÚIN JÓLAHLAÐBORD

SMÁRÉTTIR | GJAFAKASSAR

Kjötkompaní

Hafnarfjörði & Granda

www.kjotkompani.is

 578 9700

 kjotkompani@kjotkompani.is

 kjotkompani

Átthagakaffi og hlaup í Litla Skerjó

Átthagakaffi fyrir fyrrverandi og núverandi íbúa Litla Skerjafjarðar er drukkið á hverju ári. Síðasta átthagakaffi var haldið þann 4. október síðastliðinn með glæsilegu kaffihlaðborði á Hótel Sögu.

Þetta er fastur punktur í lífi margra úr Litla Skerjafirði. Þar koma saman núverandi íbúar og brottfluttir og rifja upp gamlar minningar og ekki má gleyma þeim sem flutt hafa inn í hverfið, því þarna heyra þeir sögur um það hvernig byggðin

hefur þróast og jafnvel sögur af húsinu sem það býr í núna. Margir góðir leynigestir hafa heiðrað samkomuna og í ár var það Felix Bergsson leikari sem fór á kostum með sögum úr Skerjafirði og nágrenni. Þá má geta þess að Skerjafjarðarhlaupið fór nýlega fram en þangað mæta bæði eldri og yngri Skerðfirðingar. Myndirnar tala sínu máli um glaðværðina sem fylgir þessu samkomuhaldi – bæði kaffi og hlaupi.



Jón Birgir Pétursson fyrrum blaðamaður er gamall Skerðfirðingur og fór ásamt fleirum fyrir Skerjafjarðargöngunni og sagði frá.



Gunnar Baldvinsson er löngu fluttur til Hafnarfjarðar, en heldur góðu sambandi við fyrrum nágranna sína og mætir reglulega í átthagakaffii og Skerjafjaðargönguna.



Jón Hjartarson leikari býr í Litla Skerjó. Mættur í Skerjafjarðargönguna og spjallar við fólk. Kannski hefur hann tekið Þórberg aðeins í leiðinni, en hann varð kunnur af frábærri túlkun á skáldinu á leiksviði á sínum tíma. Myndir frá Skerjafjarðargöngunni: Rúnar Gunnarsson.



Hörður Hilmarsson og Kristján E. Kristjánsson.



Sæbjörn Kristjánsson, Júlíus Óskarsson og Gautur Stefánsson.



Kristján Tryggvason, Ársæll Björgvinsson og Jón Birgir Pétursson létu sig ekki vanta í Skerjafjarðarkaffið.



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Yfir þrjú þúsund manns starfa á hafnarsvæðinu

Samkvæmt könnun sem gerð var á vegum Faxaflóahafna störfuðu rúmlega þrjú þúsund manns á hafnarsvæðinu á liðnu sumri. Starfsmönnum sem vinna á svæði gömlu hafnarinnar í Reykjavík hefur fjölgað um allt að 59% á fimm árum þetta kemur fram þegar könnunin er borin saman við sambærilega könnun sem gerð var á árinu 2013.

Flestir þeirra sem vinna á hafnarsvæðinu starfa

við fiskvinnslu og útgerð eða iðnað en flest fyrirtæki á hafnarsvæðinu sinna hins vegar þjónustu og einkum ferðaþjónustu. Verslun hefur vaxið mikið og ekki síður ýmskonar veitingaþjónusta. Margir veitingastaðir eru við eða í nágrenni Tryggvagötunnar og miklar breytingar hafa orðið í Örfirisey að undanfögnu. Einkum hvað varðar verslun og veitingaþjónustu.



Margir veitingastaðir eru við gömlu höfnina. Í grænu húsunum til vinstri á myndinni eru nokkrir veitingastaðir.



Flottur haustfatnaður, fyrir flottar konur

belladonna

Str.
38-58

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur
á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar
teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er
gott gegn vefjagigt og eykur almenna
andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá
British School
of Yoga og
Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímapantanir!



Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með
hágæða **MOTUL** olíum.

Háskólagarðar í Öskjuhlíð



Rektor, formaður stúdentafélags HR, ráðherra menntamála og borgarstjóri tóku fyrstu skóflustunguna að Háskólagörðum HR.

Nýir Háskólagarðar Háskólans í Reykjavík munu brátt rísa við Öskjuhlíðina, í næsta nágrenni við háskólann. Í þessum fyrsta áfanga Háskólagarðanna, sem er tæpir 5.900 fermetrar á fjórum til fimm hæðum verða 125 íbúðir til útleigu.

Áætlað er að hægt verði að taka íbúðirnar í notkun haustið 2020. Heildarkostnaður er áætlaður um 2,6 milljarðar króna. Eygló M. Björnsdóttir, formaður Stúdentafélags HR, Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík og Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra tóku fyrstu skóflustunguna að fyrsta áfanga Háskólagarðanna, miðvikudaginn 19. september.

Bleikur Zumba á Aflagranda

- margt skemmtilegt að gerast í félagsstarfinu



Stórmyndarlegir Zumba dansarar á Aflagrandi og flestir í bleiku.

Nú er allt komið á fullt í félagsstarfinu á Aflagranda. Dansað er Zumba gold einu sinni í viku á föstudögum kl. 10:30 til 11:30 og jóga námskeið eru í húsinu fjórum sinnum í viku. Zumba fólkið tók með okkur bleikan föstudag og náðist þá flott mynd af hópnum saman.

Nú er Kraftur í KR að byrja aftur 29. október kl. 10:30 í KR

heimilinu. Allir velkomnir í KR heimilið með okkur að taka léttar æfingar og jóga. Við munum fá til okkar skemmtilega gestakennara í vetur og keppast við að hafa starfið fjölbreytt og skemmtilegt. Skutlan okkar mætir á Aflagrandi að sækja kl. 10:20 og Vesturgötu kl. 10:15. Ætlunin er að prufa að hafa fjölskyldusmiðjur í vetur og verður sú fyrsta í nóvember. Þar

verður fjölskyldum úr hverfinu boðið að koma á Aflagrandann og prufa eitthvað af því skemmtilega starfi sem við höfum að bjóða upp á. Á fimmtudögum koma ansi skemmtilegir gestir í Boccia. Það eru hópar barna af leikskólum í nágrenninu og læra Boccia. Þetta hafa það verið ansi skemmtilegar stundir þar sem yngsta og elsta kynslóðin mætast í leik.

Vinningstillögur úr hugmyndasamkeppni um byggingar á Stjórnarráðsreit Verða kynntar 3. desember

Alls bárust átta tillögur í hugmyndasamkeppni um skipulag á Stjórnarráðsreitnum sem markkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

Stefnt er að því að á Stjórnarráðsreitnum verði byggt upp framtíðarhúsnæði fyrir öll ráðuneyti að undanskildu forsætisráðuneytinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að húsnæði Landsréttar verði á reitnum en til greina kemur að fleiri stofnanir verði þar til húsa. Fyrirhuguð viðbygging við Stjórnarráðshúsið á að vera 1.200 fermetrar að stærð og er ætlað að hýsa flestar skrifstofur forsætisráðuneytisins, fundarými og aðstöðu fyrir fjölmiðla. Sett verður upp sýning í Safnahúsinu þar sem hægt verður að sjá allar tillögurnar í báðum samkeppnunum. Stefán Thors formaður dómnefndar segir að niðurstöður eigi að liggja fyrir í nóvember og vinningstillögur verði tilkynntar 3. desember næstkomandi.



Stjórnarráðashúsið. Nýbyggingar eru áætlaðar að baki þess.

Kópavogur staðfestir deiliskipulagstillögu vegna Fossvogsbrúar

Bæjarráð Kópavogs hefur staðfest tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar vegna brúar yfir Fossvog á milli Kársness og Vatnsmýrarinnar í Reykjavík. Markmiðið með tillögunni og hugmyndinni að byggingu brúarinnar er að styðja við bættar samgöngur á milli Kópavogs og Reykjavíkur og að styðja við vistvæna samgöngukosti. Brúin verður byggð fyrir vegferð gangandi og hjólandi vegfarenda og einnig almenningssamgöngur en ekki umferð einkabíla.

Mál þetta hefur einnig verið til umræðu og meðferða af hálfu Reykjavíkurborgar og þá með hvaða hætti vegtengingum frá brúnni yrði áttað en hún kemur að landi skammt frá enda norður suður flugbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Háskólinn í Reykjavík hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að gera verði ráð fyrir almenningssamgöngum fyrir enda flugbrautarinnar og eftir Nauthólsvegi.



Séð af Kársnesi yfir til Vatnsmýrarinnar og hin fyrirhugaða brú er teiknuð inn á myndin.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





IBRAUD
— & CO —

Opið alla daga
snemma til 18:00

Melhagi 22



við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



Vísinda- og tilraunavika í Frostheimum

Við í Frostheimum skelltum okkur í vísinda- og tilraunagallann og gerðum skemmtilegar og fróðlegar tilraunir alla vikuna 8. til 12. október.

Mest spennandi tilraunin var án efa tilraunin sem snerist að handþvotti og sýklum. Við tókum brauðsneiðar og settum í poka og fylgdumst með þeim mygla út vikuna. Sneiðarnar voru fjórar samtals. Ein sneiðin var tekin beint úr brauðpokanum með hanska og sett í poka, önnur sneiðin var snert af 16 börnum með óhreinar hendur og sett í poka, þriðja sneiðin var snert af sömu 16 börnum eftir að þau höfðu þvegið sér um hendurnar og sett svo í poka. Pokarnir hanga uppi á vegg þar sem við fylgjumst með þeim mygla.

Við kynntum okkur nokkrar eldklárar konur í vísindum, kveiktum á kerti án þess að eldurinn snerti það, gerðum listaverk með töframálningu sem skiptir um lit, bjuggum til risa sápukúlur og svona

mætti áfram telja. Vikan var frábær og nutu börnin í Frostheimum sín í vísindagallanum.



Eins og sjá má var margt skemmtilegt og einnig fróðleg gert í vísindavikunni.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Vesturbæjarblaðið


AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 & 895 8298

www.borgarblod.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flöt



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flöt
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnaði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Hringás ehf.

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Tjarnarleikvika var í september

Félagsmiðstöðvarnar Frosti í Hagaskóla, 105 í Háteigsskóla, Gleðibankinn í Hlíðaskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla stóðu fyrir hinn árlegu Tjarnarleikaviku í lok september.

Á Tjarnarleikunum mætast unglingarnir í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ, keppa í óhefðbundum greinum fyrir hönd sinna félagsmiðstöðva og skemmta sér að lokum saman á balli. Á þessu sinni var meðal annars keppt í að mála eftir fyrirmynd, borðtennis, bollakökuskreytingum, FIFA, hávaðakeppni, skutlukeppni og fleiri skemmtilegum greinum. Markmið Tjarnarleikanna er að gefa unglingunum færi á að kynnst fleiri unglingum í hverfi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar auk þess að efla liðsheild innan hvers félagsmiðstöðvar. Tjarnarleikarnir gengu vel og skemmtu unglingar og starfsfólk sér konunglega að vanda.

Á myndinni eru málverk úr þrautinni málað eftir fyrirmynd á Tjarnarleikunum.



Gerðu góðverk í dag

907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Hvar er áhyggjulausa ævikvöldið?

Ellert B Schram, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni segir að margt þurfi að laga. Breyta þarf því kerfi sem nú er til staðar. Þar á hann við allt of lágar lífeyrisbætur, tekjutengingar einstaklinga vegna hjónabands, skerðingar vegna lífeyristekna, lá frítækjumörk og skatta sem teknir eru af bótum sem eru langt undir framfærslumörkum.

Hann segir að yfir 30% ellilífeyrisþega hafi heildartekjur fyrir skatt, sem eru undir skilgreindum framfærslu- og fátæktarmörkum. Einnig séu húsnæðismál eldri borgara í ólestri, einkum í höfuðborginni. "Félag eldri borgara er um þessar mundir að reisa blokkaribúðir í Árskógum í Breiðholti, samtals 68 íbúðir. Umsækjendur eru fjögur hundruð og fimmtíu. Það segir sína sögu um ástandið. Félag eldri borgara vinnur að því að fá fleiri lóðir og mæta þessari eftirsókn. Við höfum gott samstarf við borgarstjóra og hans fólk, en alltaf tekur þetta langan tíma og tefur fyrir úrlausnum."

Lakari kjör eftirlaunafólks

Þegar talið færast yfir á kerfið og stöðuna um ástandið og fyrirgreiðslu til handa eldri borgurum bendir Ellert á að núverandi ríkisstjórn hafi fallist á tillögu frá Félagi eldri borgara að skipa starfshóp til að endurskoða lífeyris- og tryggingarkerfið. Sá hópur er enn að störfum. "Áhersla mín,"

segir Ellert, "beinist að þeim sem verst standa og hafa minnst á milli handanna. Það blasir við að stuðningur við aldraða hefur dregist aftur úr öllum framfærsluviðmiðum. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að lífeyrisbætur hækki um þrjú og hálft prósent. Þrjú og hálft prósent. Öllum á að vera ljóst að stuðningur við aldraða hefur dregist aftur úr. Meginþorri eftirlaunafólks á Íslandi býr við mun lakari kjör en aðrir samfélagsþópar og stenst engan samannburð við þau kjör sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum búa við. Það er ennþá von mín að starfshópur ráðuneytis og eldri borgara nái árangri og jákvæðri niðurstöðu. Þó ekki væri annað en að koma til móts við þá sem verst standa. Á þessum vettvangi erum við að reyna að benda á lagfæringar, aftur og aftur, en svörin og undirtektirnar hafa hingað til verið tregar og máttlausar. Undir þessum kringumstæðum lifður mér stundum eins og sökin og siladrátturinn sé okkur að kenna, en því miður ráðum við ekki ferðinni."

Endurskoða þarf lög um fasteignaskatt

Annað sem Ellert bendir á er álagning og innheimta fasteignaskatts. "Hann er reiknaður eftir markaðsverði íbúða á hverjum tíma og þegar íbúðarverð hækkar á markaðnum, eins og hefur verið að gerast að undanförunu, þá hækka fasteignaskattarnir í takt



Ellert Schram, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.

við þá hækkun. Það er sem sagt alltaf dýrara og dýrara að búa í sínu heimili. Við hjá Félagi eldri borgara teljum að endurskoða þurfi þetta kerfi. Við viljum og styðjum þá stefnu að fólk geti verið sem lengst heima í sínu húsi. Jafnvel löngu eftir að það hverfur af vinnumarkaðnum vegna aldurs. Launin hverfa og tekjurnar minnka, en gjöldin fyrir að vera heima hjá sér hækka og hækka. Þessa þróun verður að skoða og leysa."

Þetta eru útbrunnin lög

Talið berst að starfslokum eldra fólks. Ellert telur að lengja eigi um þann tíma sem eldri borgarar geti haldið áfram á vinnumarkaðnum. "Eldri kynslóðin er að stækka og fjölga og starfskrafturinn er meiri en áður þekktist, vegna lengri ævi og betra heilsufari. Það á

að afnema þau lög að þeir sem vinna hjá hinu opinbera, þurfa að leggja niður störf og hætta sínum verkum, vegna þess eins að þau eldast. Þetta eru útbrunnin lög. Fólk á sjálft að ráða því hvenær það sest í hægindastólinn.

Já, þau eru mörg viðfangsefni

þegar við ræðum um eldri borgara. Lífsgæðin eru fólgin í því að njóta eins lengi og mögulegt, störfum, fjárhag og áhyggjulausu ævikvöldi. Hvar er áhyggjulausa ævikvöldið?"

Full búð af náttfatnaði og sloppum frá Trofé

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is



Opnum núna 9:00!



FLJÓTUM Í SKAMMDEGINU!

Leitum inn á við með Flothettunni frábæru. Í netsölu á www.systrasamlagid.is



HM HAFRAGRAUTUR ALLA MORGNA!

Einstaklega bragðgóðir nærandi alla virka morgna. Grautar sem flokkast með þeim allra bestu og hafa keppt á HM í hafragratargerð í Skotlandi.



ORÐ Hafa ÁHRIF

Möntru armböndin, þau einu sönnu! Sígild í fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull, mánagull. Fallegasta jólagjöfin.



LÍFRÆN JÓGAFÖT

Nýtt jógafatamerki á Íslandi. Ripple framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag. Líka frábærar jógabuxur og fallega boli.



CACAÓ & ANNAD Á BOÐEFNABARNUM

Þjóðum allskyns seiðandi drykki boðefnabarnum sem næra bæði líkama og sál. Cacaó, turmeiklatte, bláberjalatte, Líka samlokur, skot og ómóstaðilegt bananabrauð.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Afgreiðslutími í sept, okt og nóv:
Mán-mið: 9.00-16.00.
Fim-fös: 9.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

Besta fáanlega hráefnið og hin mannlegu samskipti

- eru í fyrirrúmi
segir Ágúst Einþórsson
í Brauð og Co.

Í apríl 2016 fyrir um tveimur og hálfu ári var opnað nýtt bakarí við Frakkastíg í Reykjavík. Bakaríið var opnað eftir mikinn undirbúning í húsi sem á sér langa sögu. Þar var hljóðfæraverslunin Rín á árum áður. Síðar var gallerí þar um tíma en húsið stóð lengi autt og hafði farið í nokkra niðurníðslu. Athygli vakti að eigendur hins nýja bakarís létu ekki mála yfir mikið veggskraut eða graffiti sem þakti framhlið hússins en töldu það falla vel að þeirri ímynd sem þeir vildu skapa. Fljótlega fóru að sjást biðraðir fyrir utan hið nýja bakarí. Baksturinn spurðist út og fólk tók að streyma að. En hvað var hér á seiði. Hverjir voru að koma inn á bakaramarkaðinn og hvað voru þeir að bjóða. Nú starfar Brauð og Co á fimm stöðum í Reykjavík. Um páskana á þessu ári opnuðu þeir bakarí við Hofsvallagötuna við hliðina á Kaffi Vest. Forsvarsmaður Brauð og Co og einn af eigendum þess er Ágúst Einþórsson eða Gústi bakarí eins hann er jafnan kallaður af samstarfsfólki og vinum. Hann spjallaði við Vesturbæjarblaðið á Kaffi Vest dögunum.

Hvað kom þessu öllu af stað. Ágúst segir að hann hafi haft þessa hugmynd um tíma. “Ég bjó um áratug í Danmörku og starfaði hjá súrdeigbakaríum í Kaupmannahöfn. Þar kynntist ég þeim aðferðum sem við erum að nota hjá Brauði og Co. Við erum súrdeigsbakarí líkt og finna má víða erlendis þar sem mikil áhersla er lögð á hágæða hráefni og við veljum jafnan íslenskt hráefni sé þess kostur. Við leggjum líka mikla áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavinina. Við bökkum á staðnum í hverju bakaríi þar sem allt fer fram fyrir opnum dyrum og gestir og gangandi geta fylgst með því sem við erum að gera. Við reynum að sameina einfaldleikann bæði í hollustu og einnig starfsháttum. Það er nauðsynlegt að vera hluti af umhverfinu.”

Góð tilfinning að koma í Vesturbæinn

En hvernig stóð á því að þeir völdu Vesturbæinn. “Það byrjaði með því að Pétur Marteinsson sem er einn eigenda Kaffi Vest hafði sambandi við mig. Þeir voru að festa kaup á gamla apótekshúsinu á horninu á Melhaga og Hofsvallagötu og

fannst að bakarí í okkar stíl hentaði vel við hlið kaffihússins. Þetta tók allt sinn tíma en að lokum gátum við opnað.” En hvernig er tilfinningin fyrir Vesturbænum. “Hún er góð. Við leggjum áherslu á að vera hverfisbakarí og það er gaman að segja frá því að þegar við komum í Vesturbæinn fundum við þessa tilfinningu strax. Við vorum komin þar sem er ákveðinn miðpunktur í hverfi við Hofsvallagötuna. Hér eru Kaffi Vest við hliðina á okkur þar sem Vesturbæjarapótek var um áraraðir. Handan götunnar er svo Melabúðin sem búin er að vera fastur punktur í hverfinu um áratugi. Þar er sjoppa sem nú er verið að endurgera og færa til nútímans sem hamborgarastað og svo Sundlaug Vesturbæjar sem er fastur viðkomustaður margra. Handan hennar er svo sundlaugartúnið sem mér finnst að nýta mætti betur til útiveru. Við sem störfum hér beggja vegna götunnar gerðum smá tilraun í sumar á meðan heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu stóð yfir og vorum með stóran útiskjá þar sem fylgjast mátti með leikjum. Þetta tókst ekki alveg nægilega vel. Veðráttan var óhagstæð. Mikið um rígingar sem gerði það að verkum að fólk kaus að horfa frekar á leikina heima og svo duttu Íslendingar snemma út úr keppninni sem kann að hafa haft áhrif. En þetta er bara byrjunin. Ég er viss um að halda megí áfram að efna til útivistar á túninu en það ræðst auðvitað af aðstæðum hverju sinni. En burtséð frá því þá er mesta ánægjan sem við höfum orðið aðnjótandi hér við Hofsvallagötu að finna jákvæðnina frá fólkinu og jafnvel þakklæti yfir að vera búin að fá bakarí í nágrennið þangað sem það getur rölt, keypt heilsusamlega vöru og spjallað við starfsfólkið. Ég upplifði líka fljótlega að hitta gamla viðskiptavinina frá Frakkastígnum. Fólk úr Vesturbænum hafði verslað við okkur niður á Frakkastíg og kom nú hingað. Fannst gaman að vera búin að fá okkur í nágrenni og geta gengið hingað til okkar.”

Fengum góðar viðtökur

Brauð og Co hefur vaxið hratt og er nú starfandi á upphafsreitnum við Frakkastíg 16 og við Hofsvallagötuna í Vesturbænum auk þriggja annarra staða. Við erum alls



Ágúst Einþórsson fyrir miðju ásamt samstarfsfólki í Brauði og Co.

með fimm bakarí. Ágúst segir að þetta hafi vaxið hratt. “Þegar ég lít til baka þá fórum við heldur geyst af stað. Þetta réðst mikið af viðtökunum sem við fengum og áhuga fólks á okkar bakstri. En við áttuðum okkur á því að það var ekki nóg að opna bakarí. Það þurfti hráefni og fólk til þess að vinna – baka og sinna viðskiptavinunum. Þetta var mikil vinna. Hálfgerður rússíbani. Hugmyndin í byrjun

var að vera með tvö bakarí en þetta æddi eiginlega áfram og viðskiptavinirnir komu til okkar. Þetta trekkti og okkur var boðið húsnaði hér og þar. Margir vildu fá okkur til sín. Þetta hafði áhrif og jók vaxtarhraðann.”

Sit ekki yfir Exelskjölum


Ertu þá farinn að eyða deginum fyrir fram tölvuna. “Nei – alls ekki. Ég forðast hana eins og ég get.

Við erum með framkvæmdastjóra sem sér um Exelvinnuna og annað sem tilheyrir rekstrinum en ég reyni sjálfur að vera sem mest á ferðinni á milli bakarianna, í framleiðslunni og samskiptum við viðskiptavinina. Við leggjum bæði höfuðáherslu á besta fáanlega hrefnið og einnig hin mannlegu samskipti. Það eru stærstu þættirnir í starfsemi okkar.”

Stigateppi

Stigateppi

fyrir húsfélög og sameignir



Hljóðdempandi,
létt í þrífum og umgengni.

Mælum
og gerum
tilboð að
kostnaðarlausu

KJARAN
SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-17

FRÍSTUNDAHEIMILI

OG FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

REYKJAVÍKURBORGAR

ÉG VINN

MIKILVÆGASTA

STARF Í HEIMI

„Starfið er fyrst og fremst skemmtilegt út af börnunum. Það er yndislegt að vinna með þessum snillingum sem gefa mér svo mikið. Að undirbúa börn fyrir framtíðina er það mikilvægasta í heimi. Þau eru mínir bestu vinnufélagar. Þetta er uppáhaldsvinnustaðurinn minn og hér hef ég eignast fullt af góðum vinum.“

Kristófer Nökkvi Sigurðsson, forstöðumaður
frístundaheimilisins Draumalands

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar óska eftir fólki til starfa

Við leitum að skapandi fólki með margvísleg áhugamál, reynslu og bakgrunn. Fólki sem hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum og unglingum og móta með þeim fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf.

Frístundaheimilin eru starfrækt við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Á frístundaheimilunum eru 6–9 ára börn. Þá eru 24 félagsmiðstöðvar í borginni og þangað sækja 10–16 ára börn og unglingar frístundastarf eftir skóla og fram á kvöld. Í boði eru störf með sveigjanlegum vinnutíma í öllum hverfum borgarinnar.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

www.101.is

Fjölmenni á Degi þorsksins

Nýlega efndi Íslenski sjávar­klasinn til Dags þorsksins í fjórða sinn. Dagurinn var afskaplega vel heppnaður og mættu fleiri hundruð gestir í Húsi sjávar­klasans og Mathöllina við Grandagarð í Reykjavík. Meðal gesta voru ýmsir aðilar úr haftengdri starfsemi, nemendur úr Fisk­­tækniskólanum í Grindavík og Sjóminjasafnið sem kynnti starfsemi sína.

Meðal þeirra sem tóku þátt í hátíðinni voru öll fyrirtækin í Húsi sjávar­klasans, ýmsir samstarfs­aðilar Íslenska sjávar­klasans og fjölmörg nágrannafyrirtæki Íslenska sjávar­klasans við Gömlu höfnina. Húsið var opið gestum og gafst fyrirtækjum kostur á að kynna starfsemi sína, vörur og þróunarstarf. Hægt var að smakka á ýmsu góðgæti úr þorskafurðum og má þar nefna fiskibollur úr þorski og grænmeti, niðursoðna þorsklifur, próteindrykki með kollageni sem unnið er úr þorskroði. Einnig voru kynntar ýmsar tiskuvörur úr fiskroði, íslenskur húðáburður með próteinklúfandi trypsín-ensímum úr Norður-Atlantshafsþorski og fleiri vörur úr náttúrulegum sjávarensímum.

Á Degi þorsksins mátti sjá í Húsi sjávar­klasans þá gríðar­lega fjölbreyttu flóru fyrirtækja sem vinna með þorsk og þorskafurðir af einhverju tagi á Íslandi. Tilgangurinn með deginum var m.a. að sýna gestum þetta með skemmtilegum hætti og um leið að minna á mikilvægi þorsksins fyrir Íslendinga en afurðir hans og útflutningur á tækni tengdri veiðum og vinnslu hans skila minnst 100 milljörðum króna á



Mörg fyrirtæki sýndu vörur og þjónustu sína.



Saltfiskurinn hélt löngum lífi í þjóðinni. Getur hann ekki gert það enn.

ári í útflutningstekjur. Starfsfólk Íslenska sjávar­klasans vill þakka innilega öllum þeim sem tóku þátt í Degi þorsksins fyrir sitt framlag og gerðu hátíðina mögulega.

XO í Vesturbænum og Smáralind

Með nýjan matseðil

Veitingastaðurinn XO í JL húsinu í Vesturbæ Reykjavíkur og í Smáralind í Kópavogi býður viðskiptavinum nú nýjan matseðli auk þess að allir gömlu réttirnar eru einnig á boðstólum. Má þar nefna kjúkling tandoori style, XO Jungle og Italiano flatbakan svo nokkuð sé nefnt. Gunnar Örn Jónsson framkvæmdastjóri XO segir viðskiptavinna hafa tekið hinum nýju réttum mjög vel og séu ánægðir með aukna fjölbreytni veitinganna. Mikil vinna sé að baki hinum nýja matseðli og útkoman sé ánægjuleg.

Gunnar Örn segir þá ávallt fara varlega í breytingar enda verði þær að vera vel ígrundaðar með það að markmiði að gera góðan matseðil enn betri. Viðbrögð viðskiptavina hafi verið frábær og það hjálpi til að sjá að vinnan skilar sér í enn ánægðari viðskiptavinum. Nú hefur við tveimur nýjum flatbökum. Bruschetta Parma og Spicy Choriz verið bætt við sem hafa selst mjög vel. Þá sé Túrmerik Smash kjúklingaborgarinn orðinn einn af vinsælustu réttunum í Vesturbænum en hann kemur með sérþróðu túrmerik hamborgarabrauði. Vinsældir hans hafa komi nokkuð á óvart og margir viðskiptavinir hafa sagt hann besta borgara sem þeir hafa smakkað enda er tandoori grillaður kjúklingur á þeim borgara.”

Heilsusamlegt fæði er áherslumál

Heilsusamlegt fæði er aðal áherslumál hjá XO. Mikið er lagt upp úr heilsu í maratgerðinni. Gunnar segir markmiðið alltaf hafa verið að bjóða upp á hollan og góðan skyndibita og því verði haldið áfram. Íþróttafólk sækir mikið til XO. Gunnar bendir á að íþróttafólk þurfi að nærast almennilega og huga að heilsunni í hvívetna til að ná árangri. Allir réttir XO hafa náð miklum vinsælum hjá fótboltafólki hvort sem það þarf léttan mat eða meira prótein. Til gamans má nefna að leikmenn fjögurra efstu liðanna í Pepsi deild karla í sumar, Vals, Breiðabliks, Stjörnunnar og KR voru og eru mjög tíðir gestir á XO. Margir leikmenn þessara liða borðuðu á XO annað hvort daginn fyrir eða eftir leik allt síðasta sumar og vonandi á XO einhvern þátt í árangrinum.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



TANDOORI KJÚKLINGUR • 2.395 KR.

OPIÐ TIL 21 ÖLL KVÖLD

HUMAR FLATBAKA • 2.395 KR



FUN • FAST • FUSION

SMÁRALIND & JI HÚSINU
WWW.XOISLAND.IS
571-3888



NAUTASALÁT • 2.195 KR.



Geirsgötu 1, 101 Reykjavík

Fjölskyldutilboð!

2 stórir ostborgarar + 2 barna ostborgarar
stór skammtur af frönskum + 2 kokteilsósar
og 2 lítrar af kók.

5.990 kr.

Tilboð aldarinnar!

Stór 120 gr. ostborgari, franskur og gos.

1.990 kr.

Hringdu ef þú vilt sækja og pöntunin
er tilbúin þegar þú kemur

☎ 511 1888

Stór Búlluborgari 120 gr. m/osti 1290 kr.

Lítill Búlluborgari 82 gr. m/osti 1090 kr.

Tvöfaldur ostborgari 1890 kr.

Grænmetisborgari (chillibauna buff) 1190 kr.

HRC gríساسamloka m/hrásalati 1620 kr.

Kjúklingasamloka 1590 kr.

Ekta 200 gr. nautamínútusteik m/frönskum og bearnaise sósu 3890 kr.

Hamborgarar eru himneskir!

Opið frá 11:00 - 21:00 alla daga.

